

Skýrsla um vinnuna á Hallormsstað árið 1915.

Skógarhögg hefur farið fram í Lambabólunum, framan við Kerlingará milli bennar og Atlavíkur, í Hólunum norðan við bæinn og ofan við Gatnaskóg. Ennfremur dálítið á Partinum ofan við veginn hjá Langasandi. Raftur hefur verið höggvin ofan við Klyftjörn, sunnan við Ormsstaði, í Hólunum ofan við Gatnaskóg og dálítið í Gatnaskóginum ofan við veginn, Einnig í Atlavík og sunnan við hana.

Girðingin þurfti mikillar viðgerðar við á s.l. vori, eins og undanfarin ár. Hún verður ætíð fyrir miklum áföllum af snjóþunga í fjallshlíðinni fyrir ofan skóginn. Til að verja hana fyrir snjó var skógur höggvin frá norðurgirðingunni við Hafursá, kjarr sem stóð fyrir utan girðinguna.

Græðireiturinn: Dreift var í vor o/3 og o/2 ára íslensku birki ca. 13000 stk. og siberiskt Lævirkjatré o/2 ca. 5000 stk. Sáð var íslensku birkifræi úr skóginum hér í 9½ bed. Húsdýraáburður var borinn á beðin, sem sáð var í og plantað út í.

Birkifræið kom með lakara móti upp, vegna hinna miklu kulda og þurrka á s.l. vori, þrátt fyrir þótt alltaf væri vökvæð ó fræbeðunum annan hvern dag og stundum á hverjum degi. Einnig voru prikbeðin vökvuð að staðaldri 1. mánuðinn. En framförin urðu þó lítil á birkinu, en Lævirkinn óx ágætlega, þrátt fyrir hina miklu kulda í summar. Úr græðireitnum voru sendar til Reykjavíkur til skógræktarstjóra fjalla-furuplöntur 3/3 og skógarfura 5/3. Ennfremur birkínýgræðingar úr skóginum. Úr græðireitnum var plantað fjalla-furu 2/3 2550 stk. og 800 stk. af skógarfuru 5/3 í plægða reiti sunnan við Mörkina utan við Atlavík. Plæingin kostaði ca. 23.00 og gróðursetningin væ. 60.00 kr. samtals 83 kr.

Byggingar: Ráðgert var að setja járn á baðstofuna á Ormsstöðum, en af því varð ekki, því járn sem ég pantaði á Seyðisfirði kom aldrei. Var svo settur skúr fyrir baðstofuna og hefur hann alveg útilokað votraka, sem var í baðstofunni. Keyptur panill í stofuvegginn á syðri stofunni í timburhúsínu, en ekki er búið að þilja, en verður gert í veturnar eða vor. Í þak á heyhlöðu, sem orðið var gerfuið keypti ég á kostnað skogræktarinnar 164 fet hálfplanka og 4 plöntur pakjárn. Á hlöðu þessari var áður skúrpak ár járni, en því var breytt í þak með risi, svo nú tekur hlaðan mikið meira. Vinnuna við aðgerð á hlöðunni

hef ég sjálfur kostað. Annað timbur sem keypt var gekk í skúr á Ormsstöðum og trékassa, sem settur var í Fljótið til að festa vírenda Norðurgirðingarinnar við Hafursá. 3½ plata af pakjárni fór í skúrinn á Ormsstöðum 1½ gekk af.

Hallormsstað 14. janúrar 1916,
Guttermur Pálsson.